

Ár 2013, fimmtudaginn 29. ágúst kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Unnur Þormóðsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði hann fram dagskrárbreytingartillögu um að fundargerð Fasteignafélags Hveragerðis frá 28. ágúst 2013 bætist við lið 4.2 Dagskrárbreytingartillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Umhverfis- og auðlindarráðuneytinu frá 6. ágúst 2013.

Í bréfinu er óskað eftir athugasemdum sveitarfélagsins við frumvarpsdrögum vegna breytinga á bótaákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Innanríkisráðuneytinu frá 31. júlí 2013.

Í bréfinu er kynnt heildarúthlutun Jöfnunarsjóðs vegna lækkaðra fasteignatekna fyrir árið 2013. Framlag til Hveragerðisbæjar er kr. 38.482.233.- en í áætlun er gert ráð fyrir kr. 34.158.000.-

Lagt fram til kynningar.

1.3. Innanríkisráðuneytinu frá 8. ágúst 2013.

Bréfið sem er afrit af bréfi til starfsmanns Hveragerðisbæjar sem kærði ákvörðun Hveragerðisbæjar um að segja upp ákveðnum þáttum í starfi hans. Ráðuneytið telur að ákvörðun Hveragerðisbæjar falli ekki undir eftirlit þeirra.

Lagt fram til kynningar.

1.4. Umhverfisstofnun frá 8. ágúst 2013.

Í bréfinu er umsögn Umhverfisstofnunar vegna tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Hveragerðis 2005-2017 við Hverahvamm og Hverhamar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að viðbyggingar innan lóðanna verði fyrir utan 20 m hverfisverndaðs svæðis meðfram Varmá.

Lagt fram til kynningar en skipulagsbreytingin hefur þegar verið samþykkt og auglýst í Stjórnartíðindum.

1.5. Sýslumanninum á Selfossi frá 12. ágúst 2013.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Sigurðar Tryggvasonar f.h. Sælkerasetursins á leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II og útiveitingaleyfi í Hoflandsetrinu, Breiðumörk 2B.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir varðandi umsóknina. Staðsetning staðarins er innan þeirra marka sem skipulag sveitarfélagsins kveður á um.

1.6. Jakobi Þór Péturssyni og Lilju Pétursdóttur frá 8. apríl 2013.

Í bréfinu óska bréfritarar eigendur fasteignarinnar Laufskógum 13 eftir að fá umráð yfir aftari hluta lóðarinnar.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu. Bæjarráð felur skipulags- og bygginganefnd að fara yfir aðstæður á þessari umræddu lóð með framtíðarnýtingu og möguleika sem að því lúta í huga.

1.7. Áslaugu Björnsdóttur frá 26. ágúst 2013.

Í bréfinu óskar Áslaug eftir að Hveragerðisbær borgi mótframlag vegna náms dætra hennar í Tónsmiðjunni.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu. Hveragerðisbær er einn af rekstraraðilum Tónlistarskóla Árnassýslu og hefur í því ljósi tekið ákvörðun um að koma ekki að rekstri annarra tónlistarskóla í sýslunni.

1.8. Strætó bs frá 8. ágúst 2013.

Í bréfinu er yfirlit yfir farþegafjölda á Suðurlandi janúar-júlí 2013.

Lagt fram til kynningar.

2. Tæknileg málefni:**2.1. Opnun tilboða í Jarðvegsframkvæmdir 2013 frá 19. ágúst 2013.**

Lögð fram fundargerð frá opnun tilboða Hamarshöllin jarðvegsframkvæmdir 2013, frá 19. ágúst 2013.

Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:

Bjóðendur	Tilboðsfjárhæð
Fagverk verktakar	8.482.200.-
Ræktunarmiðstöðin sf	6.092.100.-
Arnon ehf	5.994.800.-
Jarðlausnir ehf	9.975.700.-
Jökulfell ehf	8.412.000.-
Kostnaðaráætlun	8.490.400.-.

Hluti framkvæmdanna er vegna jarðvegsframkvæmda hjá Hveragerðisbæ. Stjórn Fasteignafélags Hveragerðis hefur samþykkt að taka tilboð lægstbjóðenda.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðenda Arnor ehf.

2.2. Undirskriftalisti frá íbúum í Búmannahúsum í Réttarheiði.

Lagður fram undirskriftalisti frá 22 íbúum í Búmannahúsum í Réttarheiði þar sem þeir kvarta yfir ástandi lóða við hús sín.

Bæjarráð bendir á að lóðirnar við Búmannahúsin í Réttarheiði eru einkalóðir og því ber lóðarhöfum að sjá um að ástand og umhirða lóðanna sé til sóma. Hveragerðisbær hefur komið að umhirðu þeirra svæða í kringum umrædda lóð sem tilheyra bæjarfélaginu en mun ekki þarna frekar en annars staðar í bæjarfélaginu sjá um umhirðu einkalóða. Umhverfisfulltrúa falið að sjá um að svæði umhverfis lóðirnar sem eru í eigu Hveragerðisbæjar sé bænum til sóma.

2.3. Tillaga frá fulltrúum D-lista.

Fulltrúar D-lista lögðu fram eftirfarandi tillögu.

Undirritaðir bæjarfulltrúar D-listans leggja til að menningar- og frístundafulltrúa verði falið að finna leiðir til að hafa opna tíma fyrir fullorðna á íþróttagólfinu í Hamarshöllinni, tvisvar í viku í vetur.

Í boði gæti til dæmis verið brennó, blak og badminton.

Tímarnir þurfa að vera á kvöldin til að fullorðnir bæjarbúar hafi tæk á að mæta.

Með opnum tímum á íþróttagólfi Hamarshallar skapast möguleikar á fjölbreyttri hreyfingu bæjarbúa sem finna sig oft ekki í því keppnisumhverfi sem íþróttafélögin bjóða uppá .

Guðmundur Þór Guðjónsson

Unnur Þormóðsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun frá velferðasviði.

Velferðasvið óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun vegna barnaverndar kr. 2.300.000.- vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks kr. 900.000.- og hækkun á launaliðum félagsráðgjafa kr. 700.000.-

Bæjarráð samþykkir viðaukann. 1.600.000.- fari af lið 21-01-9980 og kr. 2.300.000.- fari af lið 21-01-9990.

3.2. Samningur við 10. bekk um aðstoð við skólastarf í Grunnskólanum í Hveragerði.

Lagður fram samningur við 10. bekk GÍH um aðstoð við skólastarf.

Samningurinn samþykktur.

3.3. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 27. ágúst 2013 vegna innheimtu í mötuneyti og skólaseli.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna breytts fyrirkomulags á innheimtu gjalda vegna mötuneytis og skólasels.

Bæjarráð samþykkir nýtt fyrirkomulag við innheimtu gjaldanna.

3.4. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 27. ágúst 2013 vegna fasteignamats 2014.**

Með minnisblaðinu fylgdi listi frá Þjóðskrá Íslands um breytingar á fasteignamati milli árana 2013-2014. Fasteignamat fasteigna í Hveragerði hækkar um 1,2% og fasteignamat lóða í Hveragerði hækkar um 0,3%

Lagt fram til kynningar.

3.5. **Samningur um ráðgjöf vegna nýrrar skólaþjónustu.**

Lagður fram samningur um ráðgjöf vegna nýrrar skólaþjónustu sem sjö sveitarfélög í Árnesþingi eru aðilar að.

Bæjarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

4. **Fundargerðir:**

4.1. **Fræðslunefndar frá 26. ágúst 2013.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4.2. **Fasteignafélags Hveragerðis frá 20. ágúst 2013.**

Liður 2 Opnun tilboða – Hamarshöll bílaplan afgreiddur sérstaklega. Liðurinn samþykktur samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

Fasteignafélags Hveragerðis frá 20. ágúst 2013.

Liður 1 Styrking stokka afgreiddur sérstaklega.

Liðurinn samþykktur samhljóða.

Liður 2 Jarðvegsframkvæmdir afgreiddur sérstaklega.

Liðurinn samþykktur samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða

5. **Fundargerðir til kynningar:**

5.1. **Samtök sunnlenskra sveitarfélaga frá 16. ágúst 2013.**

Ennfremur lögð fram drög að breytingum á samþykktum SASS sem lögð verða fram til endanlegrar afgreiðslu á ársfundi SASS 2013.

Bæjarráð vísar breytingunum til afgreiðslu í bæjarstjórn.

5.2. **Aukaaðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands frá 23. ágúst 2013.**

5.3. **Skólaskrifstofu Suðurlands frá 8. og 23. ágúst 2013.**

5.4. **Starfshóps um skólaþjónustu frá 29. júlí og 13. ágúst 2013.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)